



GARÐABÆR

STÍGAKERFI GARÐABÆJAR

Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030
Endurskoðun á kafla 4.2



Vinnslutillaga 13. mars 2025



GARÐABÆR

Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030

Endurskoðun á kafla 4.2

Stígakerfi Garðabæjar



LANDSLAG

Greinargerð þessari fylgir einnig breytingarblað með breytingum á sveitarfélagsupprætti Garðabæjar dags. _____ sem er hluti af skipulagsgögnunum.

Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, stígakerfi Garðabæjar, var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____


Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann _____

_____ Bæjarstjóri Garðabæjar

Breyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____







Efnisyfirlit

1. Inngangur

1.1. Viðfangsefni	7	2.2. Stígar með samgönguhlutverk	12
1.1.1. Markmið	7	2.2.1. Samgöngustígar	12
1.1.2. Uppbygging skipulagsins	7	2.2.2. Stofnstígar	13
1.1.3. Yfirlit breytinga á aðalskipulagi	7	2.2.3. Tengistígar	17
		2.2.4. Bæjarrými og þjónusta	20
1.2. Tengsl við aðrar áætlanir	8	2.3. Stígar með útivistarhlutverk	22
1.2.1. Landsskipulagsstefna	8	2.3.1. Blápráðurinn og Græni stígurinn	22
1.2.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	8	2.3.2. Útivistarstígar	23
1.2.3. Aðalskipulagsáætlanir nágrannasveitarfélaga	8	2.3.3. Reiðstígar	24
1.2.4. Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu	8	2.3.4. Þjónusta og áningarstaðir	26
1.2.5. Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólréiðar	8		
1.2.6. Reiðstígar- gerð og uppbygging	8		
1.2.7. Stefnur Garðabæjar	8		
		3. Áhrifamat	
1.3. Skipulagsferill	9	3.1. Aðferðarfræði	28
1.3.1. Skipulagslýsing	9	3.1.1. Umhverfispættir	28
1.3.2. Samráð og umsagnaraðilar	9	3.1.1.1. Vægi áhrifa	29
1.3.3. Kynningarfundir	9		
1.3.4. Auglýsing tillögu	9	3.2. Áhrifamat	30
1.3.5. Samþykktarferli	9	3.3.1. Samfélag	30
1.3.6. Áhrifamat	9	3.3.2. Náttúrufar og dýralíf	30
		3.3.3. Náttúru- og menningarminjar	30
		3.3.4. Vatn, sjór og strönd	30
		3.3.5. Landslag og ásjúnd	31
		3.3.6. Hljóðvist	31
		3.3.7. Loftgæði og loftslag	31
		3.3.8. Öryggi	31

2. Breytingartillaga

2.1. Yfirlit	10
2.1.1. Hlutverk stíga	10
2.1.2. Flokkun stígakerfis	11

1. Inngangur

1.1. Viðfangsefni

Garðabær er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og í kringum byggðina eru fjölbreytt náttúrusvæði með ýmis útivistargildi. Vandað stígakerfi með öryggi og aðlaðandi umhverfi að leiðarljósi er lykillinn að því að bæjarbúar kjósi að nýta sér þann vistvæna valkost að ferðast um gangandi eða hjólandi, hvort heldur til vinnu eða til útivistar. Strandlengja Garðabæjar telur í tugum kílómetra og á Garðabær stóra hlutdeild í Græna treflinum í upplandi höfuðborgarsvæðisins. Bæði við strandlengju og í upplandi Garðabæjar eru einnig að finna fjölbreyttar reiðleiðir.

Mikið verk hefur verið unnið í stígagerð í sveitarfélaginu á liðnum árum og með fjölgun íbúa og nýjum hverfum skapast aðstæður þar sem þörf er á frekari umbótum með það að markmiði að bæta aðgengi innanbæjar á milli hverfa, helstu þjónustukjarna, útivistarsvæða og á milli nærliggjandi sveitarfélaga.

Hér er sett fram breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Viðfangsefni breytingarinnar er heildarendurskoðun á kafla 4.2 um stígakerfi. Skipulagssvæðið nær yfir allt umhverfi innan sveitarfélagsmarka Garðabæjar. Breytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skilmálar breytingarinnar eru ætlaðir til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð, verkhönnun og uppbyggingu stíga í Garðabæ til framtíðar.

Í gildandi aðalskipulagi er ekki samræmi milli flokkunar gatna annars vegar og flokkunar stíga hins vegar. Á skýringarmyndum er einungis gerð grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum á gatnakortinu en stígar eru sýndir í meiri smáatriðum. Horft er til þess að samræma þetta með aðalskipulagsbreytingu þessari með áherslu á meginleiðir stígakerfisins.

1.1.1. Markmið

Tilgangur skipulagsvinnunnar er að móta stefnu um vistvænar samgöngur og uppbyggingu stígakerfis Garðabæjar í þágu útivistar, lýðheilsu og umhverfisverndar. Horft er til þess að skilgreina heildrænt stígakerfi sem hæfir mælikvarða aðalskipulags. Minni stígar og slóðar eru teknir út úr aðalskipulaginu og þeim vísað í deiliskipulag afmarkaðra svæða. Sett eru fram viðmið um hönnun og yfirbragð mismunandi stígagerða. Markmið skipulagsins eru eftirfarandi:

Stígakerfið styður við vistvæna samgöngumáta með öruggum og greiðum leiðum.

Stígakerfið styrkir lýðheilsu og útivistarmöguleika allra aldurshópa í aðlaðandi umhverfi.

1.1.2. Uppbygging skipulagsins

Í kafla 2 er sett fram stefna skipulagsins um stígakerfi Garðabæjar.



Mynd 1 Uppbygging skipulagsins.

1.1.3. Yfirlit breytinga á aðalskipulagi

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á gildandi aðalskipulagi:

Breytingar á greinargerð: Texti og myndir í kafla 4.2 um stígakerfi í greinargerð Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 er felldur úr gildi og í staðinn tekur gildi endurskoðaður kafli sem fram er settur í þessari skipulagsbreytingu, kafla 2.

Breytingar á uppdráttum: Breytingar eru gerðar á stígakerfi á skipulagsuppdráttum, norðuruppdrætti fyrir þéttbýli Garðabæjar og suðuruppdrætti fyrir upplandið. Breytingarnar eru settar fram á breytingarblaði í mælikvarða 1:10.000. Skýringarkort í greinargerð eru uppfærð til samræmis og sett fram hér í kafla 2.

1.2. Tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagið er unnið með hliðsjón af eftirfarandi markmiðum og áætlunum.

1.2.1. Landsskipulagsstefna

Aðalskipulagsbreytingin fylgir markmiðum Landsskipulagsstefnu um sjálfbærar samgöngur þar sem lögð er áhersla á örugga og vistvæna ferðamáta. Áhersla er lögð á að skapa göngu- og hjólavænt umhverfi og samþætta almenningssamgöngur og byggðaskipulag.

1.2.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Skipulagið er unnið í samræmi við leiðarljós og markmið svæðisskipulagsins, meðal annars varðandi skilvirkar samgöngur og heilnæmt umhverfi. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir Borgarlínu, hágæða almenningssamgöngukerfi, sem liggur meðfram Hafnarfjarðarvegi í gegnum Garðabæ og tengir saman kjarna sveitarfélaganna. Lögð er áhersla á að skapa umhverfi sem hvetur til aukinnar notkunar almenningssamgangna og annarra vistvænna samgangna. Græni stígurinn í græna treflinum og Blápráðurinn, strandstígur höfuðborgarsvæðisins, eru teknir til nánari útfærslu á aðalskipulagsstigi.

1.2.3. Aðalskipulagsáætlanir nágrannasveitarfélaga

Garðabær, Kópavogur og Hafnarfjörður mynda samfellda byggð með samræmdu gatna- og stígakerfi. Í skipulaginu er gætt að tengingum við aðliggjandi sveitarfélög og samræmi við gildandi aðalskipulagsáætlanir: Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 og Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

1.2.4. Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Ríkið og sex sveitarfélög, þar á meðal Garðabær, gerðu árið 2019 samkomulag um uppbyggingu samgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu til næstu fimmtán ára. Samkomulagið felur í sér m.a. markmið um að efla almenningssamgöngur, auka öryggi og draga úr mengun. Samgöngusáttmálinn var síðast uppfærður 2024.

1.2.5. Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólréiðar

Stígaskipulag Garðabæjar byggir á hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréiðar hverju sinni, sem unnar eru fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina. Þar eru meðal annars sett fram viðmið um lágmarksbreiddir hjólastíga með tilliti til rýmisþarfa og umferðaröryggis og byggja skilmálar aðalskipulagsbreytingarinnar á þeim.

1.2.6. Reiðstígar - gerð og uppbygging

Aðalskipulagsbreytingin byggir á leiðbeiningum Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga um gerð og uppbyggingu reiðstíga.

1.2.7. Stefnur Garðabæjar

Skipulagið byggir á markmiðum Loftslagsstefnu, Umhverfisstefnu og Lýðheilsu- og forvarnarstefnu Garðabæjar. Stefnt er að því að kynna nýja hjólréiðastefnu samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Lögð er áhersla á að bæjarland sé aðlaðandi og styrki útivistarmöguleika með bættum göngu- og hjólaleiðum. Garðabær hefur innleitt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og styðst aðalskipulagsbreytingin við markmið um lýðheilsu, sjálfbærar borgir og loftslagsaðgerðir.



Staða verkefnis

Vinnslutillaga

Kynning og samráð

1.3. Skipulagsferill

1.3.1. Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var auglýst frá 19. apríl til 2. júní 2023. Á kynningartíma lýsingarinnar gafst íbúum, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum tækifæri til að senda inn ábendingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu. Umsagnarbeiðni um lýsinguna var send umsagnaraðilum og voru ábendingar nýttar við vinnslu tillögunnar.

1.3.2. Samráð og umsagnaraðilar

Umsagnir um skipulagslýsinguna bárust frá Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, hestamannafélögunum Sóta og Spretti, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Sumarið 2023 var opnað fyrir ábendingagátt á vefsíðu Garðabæjar þar sem íbúar gátu komið með ábendingar um stígakerfið. Mikil þátttaka var á þeim vettvangi, sem kom að góðum notum við frekari tillögugerð. Vorið og haustið 2023 voru haldnir fundir með eftirfarandi samráðsaðilum: Hestamannafélagið Sprettur, Landssamband hjólréiðamanna, samráðshópur um málefni fatlaðs fólks, skokkhópar Álfþaness og Stjórnunnar, stýrihópur um hjólréiðaaætlun, UMF Stjarnan og Öldungaráð Garðabæjar.

1.3.3. Kynningarfundir

Tillagan verður kynnt á vinnslustigi fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1.3.4. Auglýsing tillögu

Eftir kynningu er tillaga að breytingu á aðalskipulagi lögð fyrir bæjarstjórn Garðabæjar og send til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. skipulagslaga. Íbúar og hagsmunaaðilar geta þá sent inn athugasemdir um tillöguna innan a.m.k. sex vikna frá birtingu auglýsingar.

1.3.5. Samþykktarferli

Eftir að athugasemdafrestur er liðinn tekur bæjarstjórn afstöðu til innsendra athugasemda og hvort breyta þurfi tillögunni sbr. 32. gr. skipulagslaga. Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt tillöguna verður hún send Skipulagsstofnun. Þeim sem gerðu athugasemdir skulu fá niðurstöðu bæjarstjórnar og skal hún auglýst. Breytingin tekur gildi þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillöguna, hún hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

1.3.6. Áhrifamat

Breyting á aðalskipulagi fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021 en breytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Í kafla 3 er gerð grein fyrir líklegum áhrifum á valda umhverfispætti í samræmi við 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 14. gr. laga nr. 111/2021.

2. Stígakerfi Garðabæjar

Í kafla 2 er sett fram stefna um stígakerfi Garðabæjar. Um er að ræða heildarendurskoðun á kafla 4.2 í gildandi aðalskipulagi.

2.1. Yfirlit

2.1.1. Hlutverk stíga

Stígar eru samgönguleiðir fyrir gangandi, hjólandi eða ríðandi vegfarendur og tengja þeir saman bæjarhluta, útivistarsvæði og sveitarfélög. Stígar liggja um opin svæði á milli hverfa eða samsíða umferðargötum. Í skipulaginu eru sett fram viðmið um hönnun og yfirbragð mismunandi stígagerða. Lögð er áhersla á að umhverfi og uppbygging stíga styrki samgöngu- og útivistarmöguleika íbúa á öllum aldri.


Hlutverk stíga er í aðalatriðum tvíþætt. Annars vegar að vera greið samgönguleið milli staða og hins vegar að veita aðgengi að náttúru- og útivistarsvæðum. Sami stígur getur gegnt báðum hlutverkum. Hraði notenda getur verið mismunandi og getur því þótt kostur að aðgreina hjólandi frá gangandi umferð á völdum köflum.

Stígar eru ómissandi hluti af almennings- og útivistarsvæðum Garðabæjar og tengja íbúðarhverfi við atvinnusvæði, útivistarsvæði, náttúru og önnur sveitarfélög. Um stígakerfið ferðast fólk á öllum aldri og með mismunandi ferðamátum, hvort sem það er til vinnu, skóla, íþróttar, útivistar, tómstunda eða stefnumóta. Stígakerfið þjónar stóru hlutverki fyrir vistvænar samgöngur og stuðlar einnig að líkamlegri og andlegri heilsu íbúa. Sérstök áhersla er lögð á hlutverk stíga sem hluta af bæjarrýmum þar sem félagsleg samskipti eiga sér stað. Við uppbyggingu stígakerfisins er því mikilvægt að huga að áningarstöðum, lýsingu, hjólastæðum, götugögnum og annarri þjónustu sem eykur öryggi, býður upp á tækifæri fyrir samskipti og bætir yfirbragð stíga.

2.1.2. Flokkun stígakerfis

- Samgöngustígar
- Stofnstígar
- Tengistígar
- Útivistarstígar
- Reiðstígar

Stígar í stígakerfi Garðabæjar eru flokkaðir eftir notkun og staðsetningu og er uppbygging mismunandi eftir hlutverki þeirra. Stígarnir eru greindir í tvo flokka: stíga með samgönguhlutverk sem eru samgöngu-, stofn- og tengistígar, og stíga með útivistarhlutverk sem eru útivistar- og reiðstígar. Aðrir stígar innan þéttbýlis Garðabæjar eru almennir stígar, sem ekki er fjallað um í aðalskipulagi þessu. Á skýringarkortinu sést tegund stíga en nánar er fjallað um hvern flokk á næstu síðum.




2.2 Stígar með samgönguhlutverk

Stígar með samgönguhlutverk eru göngu- og hjólastígar í og við þéttbýli Garðabæjar. Þeir skiptast í samgöngustíga, stofnstíga og tengistíga.

2.2.1. Samgöngustígar

Samgöngustígar eru göngu- og hjólastígar sem hafa það hlutverk að tryggja greiða umferð milli sveitarfélaga í gegnum Garðabæ og með tengingu út á Álftanes. Markmið þeirra er að bæta aðgengi að lykiláfangastöðum, stytta ferðatíma og auka umferðaröryggi allt árið um kring. Á samgöngustígum er æskilegt að hjólahluti sé aðskilinn frá gönguhluta og að tvístefnu umferð á hjólastígum.




Hönnunarviðmið

Aðgreining á samgöngustígum: Hjólastígar eru aðskildir frá gönguhluta með gróður- eða grasbelti, sem er a.m.k. 1 metra breitt. Aðgreining milli stígs og götu er breytilegt eftir aðstæðum en lágmarksfjarlægð skal vera um 1,5 meter. Þar sem gróður er notaður milli stíga skal tryggt að hann skyggi ekki á merkingar og að bil milli hjólastígs og gróðurs sé a.m.k. 0,5 metrar.

Yfirborð samgöngustíga: Samgöngustígar eru malbikaðir stígar sem aðskildir eru frá götu með gróðurbelti sem bætir umhverfisáhrif og nýtist sem ofanvatnslausn og snjósöfnunarsvæði. Tryggja þarf góða vatnsræsingu stíga.

Breidd samgöngustíga: Lágmarksbreidd göngustíga er 2 metrar en hjólastíga um 2,5 metrar. Þar sem umferð er mikil eða aðstæður krefjast þess, ætti að auka breidd til að mæta þörfum notenda.




Mynd 3 Skýringarmynd af samgöngustíg.

2.2.2. Stofnstígar


Stofnstígar eru fyrir blandaða umferð gangandi og hjólandi og mynda net meginstíga sem gegna lykilhlutverki í að tengja saman bæjarhluta. Að jafnaði eru stofnstígar 3 metra breiðir. Hjólandi og gangandi skulu ávallt halda sig til hægri og skv. umferðarlögum skulu hjólandi fara niður í hraða gangandi þegar þeir mætast. Aðgreining göngu- og hjólahluta er möguleg á fjölförnum leiðum. Stígarnir tengja tengistíga innan hverfa við samgöngustíga og leiða fólk frá heimilum að skólum, fyrirtækjum, stofnunum og milli sveitarfélaga.

Hönnunarviðmið

Aðgreining á stofnstígum: Stofnstígar eru flokkaðir í þrjár gerðir sem miða við aðskilnað göngu- og hjólahluta. Val á útfærslu skal miða við umferð og umhverfi og ákvarðast í deiliskipulagi og verkhönnun.




Stofnstígur gerð 1: Blandaður stígur þar sem gangandi og hjólandi deila sama rými. Merkingar og miðlína gefa til kynna tvístefnu og að umferð haldi sig hægra megin. Stígarnir skulu aðgreindir frá götu með um 1,5 metra gróðurbelti fyrir blágrænar ofanvatnslausnir og snjóruðninga. Gerð 1 er viðeigandi á svæðum með miðlungs eða litla umferð þar sem rými er takmarkað og ekki hægt að koma fyrir fullum aðskilnaði. Blandaðir stígar skulu uppfylla sömu hönnunarviðmið og hjólastígar þegar kemur að halla, beygjuradíusum og sjónlengdum.




Mynd 4 Stofnstígur gerð 1 - blandaður hjóla og göngustígur.

Stofnstígur gerð 2: Hjólastígar með tvístefnu eru aðskildir frá göngustíg með a.m.k. 1 metra breiðu gróðurbelti og frá götu með um 1,5 metra belti fyrir ofanvatnslausnir og snjóruðning. Gerð 2 er viðeigandi á stofnleiðum með mikla umferð gangandi og hjólandi þar sem lögð er áhersla á skýra aðgreiningu vegfarenda til dæmis milli bæjarhluta, við íþróttasvæði og skóla. Hentar á svæðum þar sem er nóg rými til dæmis á opnum svæðum og í jaðri hverfa.



Mynd 5 Stofnstígur gerð 2 - aðskildir stígar.

Stofnstígur gerð 3: Hjólastígar og göngustígar eru beggja vegna akbrautar og aðgreindir frá götu með gróðurbelti. Fjarlægð milli hjólastígs og götu er breytilegt eftir aðstæðum en lágmarksfjarlægð skal vera 1,5 meter. Gerð 3 er viðeigandi í lykilgötum hverfa. Í gróðurbelti er æskilegt að séu götutré og vönduð einkennandi götugögn.



Mynd 6 Stofnstígur gerð 3 - einstefnu hjólastígar beggja vegna götu.

Yfirborð stofnstíga: Hjólastígar skulu vera með malbikað yfirborð. Göngustígar á stofnleiðum geta verið malbikaðir, steypir eða hellulagðir nema á stofnstígum gerð 2 þá skal yfirborð vera malbikað og hjólahluti merktur á yfirborði. Forðast skal að nota hellulögn á hjólastígum en við staði þar sem mikið af fólki fer um og auka þarf öryggi, er leyfilegt að hafa hellulögn á stuttum kafla til að draga niður umferðarhraða í sameiginlegu rými með göngustígum. Tryggja þarf góða vatnsræsingu stíga.


Breidd stofnstíga: Lágmarksbreidd göngustíga er 2 metrar en 3 metrar á stofnstígum af gerð 2. Tvístefnu hjólastígar skulu vera a.m.k. 2,5 metrar og einstefnu að lágmarki 2,2 metrar. Þar sem umferð er mikil eða aðstæður krefjast þess, ætti að auka breidd til að mæta þörfum notenda.

2.2.3. Tengistígar


Tengistígar eru megin tengingar innan hverfa og tengja þeir almenna stíga við stofnstíga og samgöngustíga. Stígarnir liggja um opin svæði, innan hverfa og oft meðfram götum.

Hönnunarviðmið

Aðgreining á tengistígum: Tengistígar eru sambærilegir stofnstígum en með meiri blandaðri umferð. Þeir eru flokkaðir í þrjár gerðir sem miða við aðskilnað göngu- og hjólahluta. Með aukinni umferð er gert ráð fyrir að verði meiri þörf á aðskilnaði og að tengistígar verði aðgreindir skv. gerð 2 og 3. Val á útfærslu skal miða við umferð og umhverfi og ákvarðast í deiliskipulagi og verkhönnun.



Tengistígur gerð 1: Blandaðir stígar þar sem gangandi og hjólandi deila sama rými. Merkingar og miðlína gefa til kynna tvístefnu og að umferð haldi sig hægra megin. Stígarnir skulu aðgreindir frá götu með minnst 1,5 metra gróðurbelti fyrir blágrænar ofanvatnslausnir og snjóruðninga. Gerð 1 er algengasta tegund tengistíga en þar sem umferð er mikil skal gera ráð fyrir stígum af gerð 2 eða 3. Blandaðir stígar skulu uppfylla sömu hönnunarviðmið og hjólastígar þegar kemur að halla, beygjuradíusum og sjónlengdum.



Mynd 8 Tengistígur gerð 1 - blandaður stígur við götu.




Mynd 10 Tengistígur gerð 1 - blandaður stígur við grænar tengingar.

Tengistígur gerð 2: Hjólahluti er aðgreindur með merkingum á yfirborði, gróðurbelti eða hellulögn og með skiltamerkingum. Aðskilnaður frá götu skal vera með minnst 1,5 metrar gróðurbelti en þar sem göturými leyfir ekki slíkan aðskilnað, skal stígurinn vera að minnsta kosti 50 cm frá götu og aðskilinn með kantsteini og hellulögn. Gerð 2 hentar þar sem er mikil umferð gangandi og hjólandi, sérstaklega á opnum svæðum og við íþróttasvæði og skóla. Þessi útfærsla er ekki æskileg þar sem er stutt á milli gatnamóta, margar innkeyrslur á lóðir eða bílastæði eru á götunni.


Þar sem tengistígar af gerð 2 liggja miðsvæði, útsýnissvæði og áhugaverða staði er mælt til að umhverfi stíganna hafi einstakan karakter t.d. með yfirborðsfrágangi, götugögnum, áningarstöðum og lýsingu.



Mynd 7 Tengistígur gerð 2 - aðgreindir stígar á opnu svæði.




Mynd 9 Tengistígur gerð 2 - aðgreindir stígar við götu.



Mynd 11 Tengistígur gerð 2 - aðgreindir stígar með einstakan karakter.

Tengistígur gerð 3: Hjólastígar með einstefnu eru beggja vegna akbrautar og aðgreindir frá göngustígum. Hjólahluti er aðgreindur með merkingum á yfirborði og með skiltum. Aðskilnaður frá götu skal vera með minnst 1,5 metra gróðurbelti en þar sem göturými leyfir ekki slíkan aðskilnað, skal stígurinn vera 50 cm frá götu og aðskilinn með kantsteini og hellulögn. Gerð 3 er viðeigandi í lykilstöðum hverfa.



Mynd 12 Tengistígur gerð 3 - einstefnu hjólastígar við götu.

Yfirborð tengistíga: Hjólastígar skulu vera með malbikað yfirborð. Göngustígar geta verið malbikaðir, steypfir eða hellulagðir. Blandaðir stígar skulu malbikaðir og uppfylla sömu hönnunarviðmið og hjólastígar þegar kemur að halla, beygjuradíusum og sjónlengdum. Forðast skal að nota hellulögn á hjólastígum en við staði þar sem mikið af fólki fer um og auka þarf öryggi, er leyfilegt að hafa hellulögn á stuttum kafla til að draga niður umferðarhraða í sameiginlegu rými með göngustígum. Tryggja þarf góða vatnsræsingu stíga.

Breidd tengistíga: Lágmarksbreidd tengistíga með blandaðri umferð er 3 metrar. Tvístefnu hjólastígar skulu vera a.m.k. 2,5 m og einstefnu 1,8 metrar að lágmarki. Göngustígar skulu að lágmarki vera 1,8 metrar á breidd. Þar sem umferð er mikil eða aðstæður krefjast þess, ætti að auka breidd til að mæta þörfum notenda.

2.2.4. Bæjarrými og þjónusta

Áningarstaðir

Við samgöngu-, stofn- og tengistíga skal gera ráð fyrir áningarstöðum með reglulegu millibili til að styrkja aðgengi allra og bæta upplifun vegfarenda. Áningarstaðir eru flokkaðir í tegundir sem miða við staðsetningu í stígakerfinu. Leiðbeinandi lega fyrir áningarstaði skal koma fram í deiliskipulagi eða skal ákvarðast við verkhönnun stíga.

Minni áningarstaðir




Minni áningarstaðir: Svæði þar sem vegfarendur geta notið hvíldar meðfram samgöngu-, stofn- og tengistígum. Svæðin eru hellulögð eða með öðru föstu yfirborðsefni við hlið göngustíga. Stærð svæðis skal miða við að við hlið áningar sé autt svæði fyrir barnavagn eða hjólastól. Minni áningarstaðir skulu staðsettir við gönguhluta stíga eða á milli göngu- og hjólahluta. Mælt er til að gert sé ráð fyrir hvíldarsvæðum á a.m.k. 250-500 metra millibili. Þegar við á og í löngum brekkum er æskilegt að styttra sé á milli hvíldarsvæða.

Stærri áningarstaðir



Stærri áningarstaðir: Svæði við samgöngu-, stofn- og tengistíga sem bjóða upp á tækifæri fyrir vegfarendur til að staldra lengur við. Svæðin skulu hellulögð og hafa grænt yfirbragð. Þar skulu vera til dæmis bekkir og/eða nestisborð, ruslafötur, hjólastæði, karakterlýsing, upplýsingaskilti, viðgerðarstöð fyrir hjól, vatnshani og æfinga- eða leiktæki. Gera skal ráð fyrir áningarstöðum á um 1500 metra millibili og skal staðsetning valin miðað við útsýni, gróðursælt umhverfi eða stígamót.

Götugögn fjarlægðir



Götugögn

Götugögn, til dæmis ljósastaurar, skilti, ruslafötur, bekkir og gróður, skulu vera staðsett á sérstöku svæði til hliðar við stíga og a.m.k. 50 cm frá kanti stígs til að skapa ekki hættu fyrir vegfarendur.

Hjólastæði



Hjólastæði

Hjólastæði skulu staðsett á aðgengilegum stöðum við áfangastaði í stígakerfinu, svo sem við stærri áningarstaði, leiksvæði, biðstöðvar almenningssamgangna, verslanir, skóla, íþróttamannvirki, stóra vinnustaði, stofnanir og aðra samkomustaði. Mikilvægt er að tryggja að hjólastæði séu aðgengileg og hindri ekki umferð á stígum. Gera skal ráð fyrir lýsingu við hjólastæði og búnaði sem tryggir öryggi. Hjólastæði geta verið til lengri og skemmri tíma. Skammtímaæði eru til dæmis hjólabogar en langtímaæði geta t.a.m. verið yfirbyggð, aðgangsstýrð og búin hleðslustöð fyrir rafmagnshjól.

Stígalýsing



Stígalýsing

Samgöngu-, stofn- og tengistígar: Stígalýsing ætti að vera fullnægjandi til að tryggja öryggi fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendur. Mikilvægt er að huga að ljósgæðum þannig að lýsingin sé jafndreifð, gefi rétta liti af umhverfinu og beinist að stígunum sjálfum til að minnka ljósmengun. Við þveranir og vega- og stígamót skal lýsingin vera greinanleg frá almennri stígalýsingu til að vekja athygli á svæðinu. Á tengistígum getur lágstemmd lýsing verið valkostur ef umferð er lítil eða ef tengistígarnir liggja um náttúruleg svæði. Þar sem stígar liggja um bæjarhlutakjarna er mælt með að nýta útlit lampabúnaðar til að styrkja karakter svæðanna.

Þjónusta

Samgöngustígar og stofnstígar eru í fyrsta forgangi árstíðabundinnar þjónustu sem felur í sér meðal annars hálkuvarnir, snjómokstur og sópun. Tengistígar koma næst í forgangi. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að skólum, almenningsamgöngum og þjónustustofnunum til að tryggja aðgengi allra í stígakerfinu.

Merkingar

Merkingar í stígakerfinu eru mikilvægar fyrir öryggi vegfarenda og vísa veginn. Allar skiltamerkingar skulu vera vel sýnilegar og uppfylla staðla um aðgengi og öryggi. Gæta skal þess að gróður skyggi ekki á merkingar og lýsingu. Á hjólastígum skulu vera leiðarmerki til að upplýsa vegfarendur um á hvaða hjólaleið þeir eru merkt með númeri eða lit. Við stígamót skulu vera vegvísar sem gefa til kynna áfangastaði hjólaleiða í hverri akstursstefnu. Merkingar skulu vera skv. reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024.


Brýr og undirgöng

Þar sem leiðir þvera stórar umferðargötur og aðstæður gefa tilefni til er möguleiki að tengja stígakerfið við brýr eða undirgöng til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Mikilvægt er að leiðir og aðgengi að þessum mannvirkjum séu skýrar og ekki of brattar, svo vegfarendur velji ekki þann kost að fara hættumeiri styttri leiðir. Við hönnun undirganga skal þess gætt að skapa öruggt og hindranalaust umhverfi, m.a. með áherslu á lýsingu og að þau njóti dagsbirtu.

2.3. Stígar með útivistarhlutverk

2.3.1. Blápráðurinn og Græni stígurinn

Blápráðurinn og Græni trefillinn tengja saman náttúru og þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Blápráðurinn er útivistarstígur meðfram ströndum sem bætir aðgengi að strandlengjunni. Í Garðabæ liggur hann frá Arnarnesvogi umhverfis Álfanes að sveitarfélagamörkum Hafnarfjarðar. Á tveimur stöðum er leiðin uppbyggð sem tengistígur með samgönguhlutverk við byggðina í gegnum Sjálandshverfið og við ströndina á Álfanesi. Græni trefillinn er útivistarsvæði ofan byggðar og innan hans eru útivistarsvæði og gönguleiðir, þar á meðal Græni stígurinn sem skilgreindur er sem stofnstígur og tengir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.



Kort 5 Tegund stíga - Blápráðurinn og Græni stígurinn.

2.3.1. Útivistarstígar


Útivistarstígar tengja hverfi bæjarins við útivistarsvæði og náttúru. Stígar sem liggja um viðkvæm svæði stuðla að náttúruvernd með því að beina umferð um ákveðnar leiðir. Í skipulaginu eru skilgreindir útivistarstígar og hönnunarviðmið sett. Útivistarslóðar eru ekki sýndir í aðalskipulaginu en skulu skilgreindar í deiliskipulagi.

Hönnunarviðmið


Útivistarstígar skiptast í tvær gerðir eftir uppbyggingu. Almennt eru þeir af gerð 1 en þar sem umferð er minni, á tengileiðum, í mikilli fjarlægð frá þéttbýli eða þar sem aðstæður gefa tilefni til er gert ráð fyrir uppbyggingu að gerð 2. Val á útfærslu fer eftir umferð og umhverfi og ákvarðast í deiliskipulagi og verkhönnun.

Útivistarstígur gerð 1: Blönduð umferð gangandi og hjólandi á malarstígum sem eru 1,5-3 m breiðir eftir aðstæðum og notkun. Ekki er gert ráð fyrir lýsingu á stígnum. Leiðir geta verið stikaðar og upplýsingaskilti skulu vera m.a. við upphaf leiða og leiðarvísar við stígamót.


Útivistarstígur gerð 2: Blönduð umferð gangandi og hjólandi á malarstígum sem eru allt að 1,5 metra breiðir eftir aðstæðum og notkun. Ekki er gert ráð fyrir lýsingu á stígnum. Leiðir geta verið stikaðar og upplýsingaskilti skulu vera við upphaf leiða og leiðarvísar við stígamót.



Mynd 14 Útivistarstígur gerð 1.



Mynd 15 Útivistarstígur gerð 2.




2.3.2. Reiðstígar


Reiðstígar liggja út frá hesthúsasvæðum á Kjóavöllum og á Álftanesi. Stígarnir tengja svæðin við önnur hesthúsasvæði á höfuðborgarsvæðinu og við reiðstíga í aðliggjandi sveitarfélögum. Í aðalskipulagi eru meginreiðleiðir skilgreindar.

Hönnunarviðmið

Aðgreining: Reiðstígar skiptast í tvær gerðir eftir staðsetningu. Almennt er miðað við gerð 1 við hesthúsahverfi og gerð 2 í náttúru. Umferð um reiðstíga af gerð 1 og 2 er einungis fyrir reiðfólk. Gerð 3 eru reiðstígar í mikilli fjarlægð frá hesthúsasvæðum sem nýttir eru aðeins stuttan hluta árs og er önnur útivist leyfileg á þeim. Val á útfærslu fer eftir umferð og umhverfi og ákvarðast í deiliskipulagi og verkhönnun. Gæta skal þess að gróður skerði ekki veggýn og öryggi.




Reiðstígur gerð 1: Stígar með mikla umferð í þéttbýli og við hesthúsahverfi sem eru með heilsárs þjónustu. Stígar af gerð 1 eru að minnsta kosti 4 metra breiðir malarstígar. Tryggja skal afrennsli með a.m.k. 3-4% þverhalla. Þar sem stígur er byggður upp úr landi skal vera flái með hallann 1:3. Á reiðstígum af gerð 1 er gert ráð fyrir lýsingu sbr. kafla 2.3.3. Fjarlægð skilta frá stígum skal vera a.m.k. 1,5 metrar og ljósastaurar 1 metrar. Að öðru leyti er vísað í leiðbeiningar Vegagerðarinnar um gerð og uppbyggingu reiðstíga.



Mynd 16 Reiðstígur gerð 1.

Reiðstígur gerð 2: Stígar í náttúru og fjarri hesthúsaðverfum. Stígar af gerð 2 eru að minnsta kosti 3,5 metra breiðir malarstígar. Tryggja skal afrennsli með a.m.k. 3-4% þverhalla. Þar sem stígur er byggður upp úr landi skal vera flái með hallann 1:3. Fjarlægð skilta frá stígum skal vera a.m.k. 1,5 metrar. Að öðru leyti er vísað í leiðbeiningar Vegagerðarinnar um gerð og uppbyggingu reiðstíga.



Mynd 17 Reiðstígur gerð 2.

Mynd 18 Reiðstígur gerð 3.

Reiðstígur gerð 3: Stígar í upplandi Garðabæjar þar sem umferð getur verið blönduð. Stígar af gerð 3 eru í mikilli fjarlægð frá hesthúsaðverfum og notaðir einungis stuttan hluta árs. Þar er önnur útivist leyfileg en æskilegt er að komið sé fyrir útskotum með reglulegu millibili þar sem vegfarendur geta vikið fyrir ríðandi umferð. Koma skal fyrir upplýsingaskiltum við stígamót þar sem vegfarendur skulu sýna aðgát blandaðrar umferðar. Breidd er á bilinu 2,5-3 metrar. Malarlag er sett þar sem aðstæður gefa tilefni til og þörf er á. Tryggja skal afrennsli. Þar sem stígur er byggður upp úr landi skal vera flái með hallann 1:3. Fjarlægð skilta frá stígum skal vera a.m.k. 1,5 metrar. Að öðru leyti er vísað í leiðbeiningar Vegagerðarinnar um gerð og uppbyggingu reiðstíga.

2.3.3. Þjónusta og áningarstaðir

Áningarstaðir

Við útivistar- og reiðstíga skal gera ráð fyrir áningarstöðum til að styrkja aðgengi allra og bæta upplifun vegfarenda. Leiðbeinandi lega fyrir áningarstaði skal koma fram í deiliskipulagi eða skal ákvarðast við verkhönnun stíga.

Útivistarsvæði



Áning við reiðstíga



Áning við útivistarstíga: Áningarstaðir við útivistarsvæði sem staðsettir eru á um 0,5–1 km millibili á útsýnisstöðum, í gróðursælu umhverfi eða við stígamót. Yfirborð skal vera náttúrulegt og þar má t.a.m. koma fyrir nestisborði, hjólastöndum, upplýsingaskiltum, lágstemmdri lýsingu og æfinga- eða leiktæki.

Áning við reiðstíga: Áningarstaðir við reiðstíga, þar sem reiðmenn og hestar geta hvílst, skal staðsetja þar sem ekki er hættu vegna akandi umferðar. Svæðið skal afmarkað. Við stærri áningarstaði er möguleiki að koma fyrir nestisborði og upplýsingaskilti með t.a.m. yfirlitskorti reiðvega. Áningarstaðir skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga.

Stígalýsing

Útivistarstígar: Almennt er ekki gert ráð fyrir lýsingu á útivistarstígum til að vernda myrkurgæði, nema þar sem aðstæður og umferð vegfarenda gefur tilefni til. Dæmi um slíka staði eru ákveðnir hlutar Blábráðarins (strandstígsins) og Græna stígsins í og við þéttbýli. Ef í deiliskipulagi útivistarsvæða er kveðið á um lýsingu getur hún eftir atvikum verið t.a.m. lágstemmd ratlýsing og getur útlit búnaðar þá styrkt karakter og upplifun af útivistarsvæðum. Einnig er hægt að gera ráð fyrir búnaði sem dregur úr birtustigi á næturnar eða að búnaðurinn skynji hreyfingu og auki styrk þegar vegfarendur nálgast.

Reiðstígar: Gera skal ráð fyrir lýsingu í nærsvæði hesthúsa- og hestahúsa. Einnig við reiðgöng, þveranir akbrauta og reiðbrýr og eftir atvikum á stígamótum við göngu- og hjólræðastíga. Lýsing við reiðstíga skal vera í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga.

3. Áhrifamat

3.1. Aðferðarfræði

3.1.1. Umhverfispættir

Hér er gerð grein fyrir líklegum áhrifum á valda umhverfispætti í samræmi við 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 14. gr. laga nr. 111/2021. Við val á umhverfispáttum var notast við aðferðarfræði úr umhverfisskýrslu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 fyrir áhrifaþáttinn samgöngur. Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur sem talinn er geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem mótuð er í skipulaginu. Eftirfarandi eru þeir umhverfispættir sem tekið verður tillit til og eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins:

Samfélag

Metið er hvernig stígakerfið hefur áhrif á lífsgæði íbúa, aðgengi að þjónustu, almenningssamgöngum, útivistarsvæðum og náttúru.

Viðmið: Landsskipulagsstefna, Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og stefnur Garðabæjar þ.e. Loftslagsstefna, Umhverfisstefna, Lýðheilsu- og forvarnarstefna.

Náttúrufar og dýralíf

Metið er hvernig stígakerfið hefur áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, vistsvæði fugla, búsvæði dýra/gróðurs og viðkvæma náttúru.

Viðmið: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og umhverfisstefna Garðabæjar.

Náttúru- og menningarminjar

Metin eru áhrif skipulagsins á fornleifar, náttúruminjar eða friðlýst svæði.

Viðmið: Lög um menningarminjar nr. 80/2012 og lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Vatn, sjór og strönd

Metið er áhrif skipulagsins á vatnsverndarsvæði, vatnasvið, votlendi og strandsvæði.

Viðmið: Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, umhverfisstefna Garðabæjar og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Landslag og ásjúnd

Metin eru áhrif skipulagsins á byggðamynstur, yfirbragð opinna svæða og náttúrulegt landslag.

Viðmið: Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 og umhverfisstefna Garðabæjar.

Hljóðvist

Metin eru áhrif skipulagsins á hljóðvist í íbúðahverfum, atvinnusvæðum, innan útivistarsvæða og kyrrlátra svæða.

Viðmið: Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Loftgæði og loftslag

Metið er hvernig stefna skipulagsins hefur áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og svífryk.

Viðmið: Reglugerð um loftgæði nr. 391/2013, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Loftslagsstefna Garðabæjar.

Öryggi

Metið er hvernig stefna skipulagsins hefur áhrif á umferðaröryggi.

Viðmið: Lýðheilsu- og forvarnarstefna Garðabæjar og umferðarlög nr. 77/2019.

3.1.2. Vægi áhrifa

Í skipulaginu er lagt mat á vægi umhverfiáhrifa svo sem hvort þau séu talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss áhrif og lagðar til viðeigandi mótvægisáðgerðir ef við á. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

+ Jákvæð áhrif á umhverfispátt

Stefna skipulagsins styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.

0 Óveruleg áhrif á umhverfispátt

Stefna skipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.

- Neikvæð áhrif á umhverfispátt

Stefna skipulagsins vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.

? Óviss áhrif á umhverfispátt

Stefna skipulagsins hefur óviss áhrif á viðkomandi umhverfispátt.

3.2. Mat á áhrifum

3.2.1. Samfélag

Uppbygging stígakerfis Garðabæjar styður við vistvænar samgöngur og eykur aðgengi íbúa að þjónustu, skólasvæðum, atvinnusvæðum og útivistarsvæðum. Bættir innviðir og aðgengi um stígakerfið getur stuðlað að aukinni hreyfingu og bættri lýðheilsu.

Niðurstaða: + **Jákvæð áhrif á umhverfispátt**

3.2.2. Náttúrufar og dýralíf

Á framkvæmdatíma getur stígagerð haft staðbundin áhrif á gróðurfar og búsvæði fugla og dýra. Á viðkvæmum svæðum skal gera ráð fyrir mótvægisáðgerðum til að takmarka rask og draga úr neikvæðum áhrifum.

Niðurstaða: 0 / - **Óveruleg til neikvæð áhrif á umhverfispátt**

3.2.3. Náttúru- og menningarminjar

Við uppbyggingu stíga nærri náttúru- og menningarminjum skal koma í veg fyrir rask og skulu framkvæmdir vera í samráði við Minjastofnun Íslands.

Niðurstaða: 0 **Óveruleg áhrif á umhverfispátt**

3.2.4. Vatn, sjór og strönd

Á framkvæmdatíma getur stígagerð haft staðbundin áhrif á vatnsverndarsvæði og vatnasvið, einkum í grennd við votlendi og strandsvæði. Mikilvægt er að beita viðeigandi mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum.

Niðurstaða: 0 / - **Óveruleg til neikvæð áhrif á umhverfispátt**

3.2.5. Landslag og ásýnd

Uppbygging stígakerfis Garðabæjar bætir aðgengi frá íbúðarbyggð að náttúrusvæðum. Á ósnortnum svæðum getur stígagerð haft neikvæð sjónræn áhrif. Við verkhönnun og framkvæmd skal vanda hönnun og aðlaga stíga að landslagi.

Niðurstaða: + / - Jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfispátt

3.2.6. Hljóðvist

Bættar tengingar innan Garðabæjar og milli sveitarfélaga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur getur leitt til fækkunar bílaferða á styttri vegalengdum sem getur haft áhrif á umferðarhávaða.

Niðurstaða: + Jákvæð áhrif á umhverfispátt

3.2.7. Loftgæði og loftslag

Aukin notkun vistvænna samgangna hefur áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og svifryksmengun. Þetta hefur jákvæð áhrif á loftgæði og styður við loftslagsmarkmið sveitarfélagsins.

Niðurstaða: + Jákvæð áhrif á umhverfispátt

3.2.8. Öryggi

Bættir innviðir fyrir vistvænar samgöngur geta leitt til fækkunar bílaferða á styttri vegalengdum sem getur haft áhrif á umferðaröryggi. Hins vegar er mikilvægt að tryggja að stígamót og þveranir séu hannaðar með öryggi allra aldurshópa og vegfarenda í huga. Við verkhönnun og framkvæmdir skal því leggja áherslu á góðar merkingar og lýsingu á stígum og þverunum.

Niðurstaða: + Jákvæð áhrif á umhverfispátt

3.2.9. Samantekt

Niðurstaða áhrifamatsins er að framfylgd skipulagsins hafi almennt jákvæð áhrif, sérstaklega á samfélag, lýðheilsu, loftgæði og umferðaröryggi. Huga þarf að mótvægisáðgerðum til að lágmarka neikvæð áhrif á gróðurfar, búsvæði dýra og fugla og vatnasvið.

